

8. gr.

Fyrirtæki sem eru starfsleyfis- og eftirlitsskyld, bæði samkvæmt ákvæði heilbrigðis- og mengunarvarnareglugerðar greiða aðeins eitt eftirlitsgjald.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

*Reykjavík, 1. mars 1993.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### **um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar, Búðahreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 26. febrúar 1993 staðfest breytt aðalskipulag Fáskrúðsfjarðar 1980–2000.

Breytingar eru eftirfarandi:

— Iðnaðarsvæði norðan Búðavegar hefur verið minnkað til vesturs og er gert ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði og smábátahöfn sunnan vegarins. Suður af þessu svæði er gert ráð fyrir síðari stækkun með viðlegukanti til vöruflutninga.

— Tjörninn norðan Búðavegar hefur verið stækkuð sem nemur minnkun iðnaðarsvæðisins.

— Stofnanalód fyrir íþróttahús verður við vesturenda íþróttavallar, en áður var gert ráð fyrir íþróttahúsi á skólalóð.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Búðahrepps og skipulagstjórnar ríkisins.

*Umhverfissráðuneytið, 26. febrúar 1993.*

**Eiður Guðnason.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*